

Mánudaginn 23. nóvember 1959.

Nr. 57/1959. **Fjármálaráðherra og menntamálaráðherra
f. h. ríkissjóðs** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Sigurði Ísakssyni
f. h. ófjárráða sonar hans, Jóns,
(Sigurður Baldursson hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:

**hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór
B. Lindal.**

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1959. Hann krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. nóvember 1959 að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 150.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þ. á m. endurrit af vitnaprófum, er háð voru eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá fyrir dóm Kristján Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Breiðavíkurhælis, starfsstúlka hælisins á þeim tíma, er slysið varð, og þrír drengja þeirra, er þá voru vistmenn á hælínu, þ. á m. Sigurður Konráð Konráðsson, sem valdur var að slysinu. Segir Kristján, að þrír bogar hafi verið geymdir í útigeymslu hælisins og hangið þar á vegg nálægt glugga. Hafi rúða í glugga þessum verið brotin og boganum, er slysinu olli, náð þar út. Greind starfsstúlka stað-

festi, að bogar hefðu verið geymdir í læstri geymslu, en eigi vissi hún, hvernig slysaboganum hafði verið náð þaðan. Minntist hún ekki innbrotsins í geymsluna. Þeir tveir drengjanna, sem komu fyrir dóm auk Sigurðar Konráðs, kveða boga hafa verið geymda í læstri útigeymslu. Að sögn annars þeirra var læsingin ótrygg, og eigi mundi hann, hvort bogum hafi verið komið þar fyrir, áður en slysið varð. Eigi minntist hann þess, að brotin hefði verið rúða í geymsluglugga til þess að komast þann veg inn. Hinn drengurinn kvað einu sinni hafa verið brotizt inn í geymsluna, en eigi mundi hann, hvernig innbrot það var framkvæmt. Eigi veitti vætti þessara drengja vitneskju um það, með hverjum hætti Sigurður Konráð komst yfir boga þann, sem slysið hlaut af. Sigurður Konráð skýrði hins vegar svo frá, að sá bogi hefði eigi verið geymdur í útigeymslu, heldur í ólæstri skógeymslu undir kjallarastiga íbúðarhússins og verið fólgin þar með þeim hætti, að hann var eigi sýnilegur þeim, sem í geymsluna komu. Eigi taldi hann sig vita, hver hefði staðið að geymslu bogans á þessum stað. Þó að skýrslur þessar séu nokkuð á reiki um vörzlu boganna, er af þeim ljóst, að gæzla boganna hefur, eins og á stóð, verið með öllu ófullnægjandi. Samkvæmt þessu og rökum héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta ákvæði hans um fébótaábyrgð rikissjóðs á slysi því, sem í málinu greinir.

Hinn 13. þ. m. hefur G. K. Guðmundsson tryggingafræðingur endurskoðað áætlanir sínar frá 9. júlí 1957 um fjárfjón gagnáfrýjanda með hliðsjón af breytingum kaupgjalds, er síðan hafa orðið. Samkvæmt þessari endurskoðun hækkar áætlun tryggingafræðingsins, sem miðuð er við verkamanna kaup, úr kr. 89.712,00 í kr. 100.181,00, en sú áætlun, sem miðuð er við tekjur daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, úr kr. 98.524,00 í kr. 132.860,00. Þar sem hinar síðari áætlanir eru sem hinar fyrri miðaðar við 20% varanlega örorku, eiga greindar niðurstöður að hækka um 25%, þegar lögð er til grundvallar 25% örorka gagnáfrýjanda. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr rikissjóði til handa gagnáfrýjanda.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, kr. 9.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Ísakssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Jóns, kr. 115.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanna hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Stefánssonar og Sigurðar Baldurssonar héraðsdómslögmannna, kr. 9.000,00 til hvors.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur því, að geymsla boga þeirra, er í málinu greinir, hafi verið ótryggileg, eins og á stóð. Auk þess er ljóst af gögnum málsins, að eigi var af ríkisins hálfu séð fyrir fullnægjandi eftirliti með drengjum þeim, 14 að tölu, sem á hælina voru, margir þeirra að sjálf sögðu baldnir og óstýrilátir. En forstöðumanninum, Kristjáni Sigurðssyni, var einum ætluð gæzla þeirra. Var ágreiningslaust í málflutningi hér fyrir dómi, að aðrir starfsmenn hælísins hefðu verið ráðnir til allt annarra starfa. Hlaut gæzla drengjanna að vera ofvaxin einum manni, sem að auki átti að sjá um rekstur hælísins út á við. Kveðst hann að visu hafa gripið til manns, sem ráðinn var til smíða, svo og til konu sinnar, er var ráðskona á hælina, sér til aðstoðar við gæzluna, en að vonum gat það ekki verið fullnægjandi.

Með skírskotun til þess, sem ég nú hef rakið, tel ég ríkissjóð bótaskyldan út af áfalli því, sem drengurinn Jón Sigurðsson varð fyrir, og get ég fallitz á fjarhæðir bótanna, eins og þær eru ákveðnar í héraðsdómi.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í hér-

aði, Arna Stefánssonar héraðsdómslögmanns, tel ég hæfilega ákveðin kr. 6.000,00.

Með skirskotun til þess, sem að framan er greint, er ég að öðru leyti sammála forsendum og dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. janúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. f. m., hefur Sigurður Ísaksson, Selvogsgötu 8, Hafnarfirði, vegna ófjárráða sonar síns, Jóns, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 7. október 1957, með stefnu, út gefinni 11. nóvember 1957, gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 129.324,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Í þinghaldi 8. október 1958 hækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 150.800,00. Féllust stefndu á, að hækkun þessi fengi komizt að í málinu án framhaldsstefnu.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en gerðu þá varakröfu við munnlegan flutning málsins, að krafa stefnanda yrði stórlega lækkuð. Í hvorugu tilviki er krafizt málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Á árinu 1955 sneri eiginkona stefnanda sér til formanns barnaverndarnefndar Akraness, en hjónin voru þá búsett þar, og óskaði aðstoðar nefndarinnar til að koma syni hjónanna, Jóni, þá 9 ára gömlum, til dvalar í sveit. Var ástæðan til þessarar ráðagerðar sú, að drengurinn var óhlýðinn og mikill fyrir sér og var auk þess í slæmum félagsskap eldri drengja, er beittu honum fyrir sig til óknytta. Tilraunir til að koma drengnum til dvalar í sveit báru ekki árangur, og varð því að ráði eftir beiðni móður hans og í samráði við hana að leita til fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur um vistun drengsins á hæli fyrir vangæfa drengi, sem ríkissjóður rekur að Breiðuvík í Barðastrandarsýslu. Náði þessi ráðagerð fram að ganga, og kom drengurinn að Breiðuvík í nóvember s. á. Að sögn forstjóra hælisins, Kristjáns Sigurðssonar, var Jón mikill fyrir sér og fjörmikill, fremur óhlýðinn í fyrstu, en tók framförum, er frá leið. Hann var jafnan skapgóður og kom yfirleitt vel saman við aðra drengi,

er þarna dvöldu. Nokkrum dögum fyrir jól 1955 bar það við, síðari hluta dags, er forstjóri hælísins var staddur í borðstofu, sem liggur að híbýlum vistmanna, að hann heyrði hljóð í dreng, sem þaðan bárust. Hljóp hann þegar á vettvang ásamt konu sinni, er þarna var nærstödd. Er þau komu á gang, sem liggur að herbergjum vistmanna, stóð Jón Sigurðsson þar, hélt hendi fyrir auga og kveinkaði sér. Var Kristján tjáð, að ör hefði verið skotið í auga Jóns. Þau hjón fóru þegar með Jón til íbúðar sinnar og könnuðu meiðsli þau, er hann hafði hlotið. Kom í ljós, að augað var blóðhlaupið, en ósært, að því er virtist. Er hér var komið, kveðst Kristján þegar hafa hringt í héraðslækninn á Patreksfirði, Hannes Finnbogason, og farið þess á leit, að hann kæmi að Breiðuvík og liti á meiðsli Jóns litla. Kveðst Kristján hafa tjáð lækninum, hvað fyrir hefði komið. Læknirinn hafi svarað því til, að hann gæti ekki komið, enda gæti hann ekki aðra hjálp veitt en bundið um augað. Aftur á móti hafi hann beðið þess, að hann yrði látinn fylgjast með líðan drengsins. Kristján kveður þau hjónin nú hafa bundið um auga Jóns eins og þau bezt gátu. Er því var lokið, hóf Kristján að rannsaka tildrög slyssins. Kom í ljós, að slysið hafði orðið með þeim hætti, að einn drengjanna á hælínu, Sigurður Konráðsson, 13 ára gamall, hafði staðið í miðjum kjallarastiga, sem liggur niður frá áðurnefndum gangi, og skotið ör upp stigann. Um leið bar Jón þarna að og mun hafa ætlað niður stigann, er örin lenti í auga hans. Örin reyndist vera úr tré, og á oddi hennar var komið fyrir tómu skothylki til þess að þyngja hana í þann endann. Örinni hafði verið skotið af boga, sem drengirnir höfðu smíðað þá nokkru áður. Kveðst forstjóri hælísins hafa lagt algert bann við því, að boginn væri notaður innan húss eða heima við. Aftur á móti hafi hann leyft notkun hans á vissum svæðum úti, er hann væri sjálfur nærstaddur. Boginn hafi átt að vera geymdur í úti-geymslu að fyrirlagi hans. Í fyrstu hafi hann verið leyndur því, að boginn hafði verið notaður, þar sem drengirnir hafi vitað, að kæmist hann að því, mundi hann taka skotvopnið úr notkun.

Kristján Sigurðsson kveðst ásamt konu sinni hafa skoðað auga Jóns daginn eftir slysið. Hafi drengurinn þá kvartað yfir miklum sársauka í því. Augað hafi verið rautt og blóðhlaupið, og hafi drengurinn sagt, að hann sæi ekkert með því. Þenna dag kveðst Kristján aftur hafa átt símtal við héraðslækninn á Patreksfirði og skýrt honum frá ástandi augans. Jafnframt hafi hann innt lækninn eftir því, hvort ekki væri rétt að fá sjúkraflugvél til

þess að flytja drenginn til rannsóknar og aðgerðar, ef með þyrfti. Þess hafi læknirinn ekki talið þörf. Hafi hann sagt, að drengurinn mundi vera sjónlaus á auganu í um mánaðartíma vegna blóðhlaups, en mundi eftir það smám saman fá sjónina aftur. Jafnframt hafi læknirinn látið þess getið, að ekkert væri hægt að gera. Kristján kveðst því hafa látið hér við sitja, en ekki hafi verið hægt að fara með drenginn til Patreksfjarðar, þar sem vegir voru ófærir vegna snjóá. Hann hafi aftur á móti átt tal við lækninn öðru hverju og látið hann fylgjast með líðan drengsins. Hafi sér þótt roðinn lengi að hverfa af auganu og tjáð lækninum það, en hann hafi talið það allt með felldu. Rúmum mánuði eftir slysið hafi Jón látið þess getið, að hann sæi lítillaga með auganu, en þó allt í móðu. Kveðst Kristján hafa reynt þetta nokkru síðar með því að bera hluti fyrir slasaða augað og halda fyrir hið heilbrigða á meðan. Hafi hann ekki orðið annars var en drengurinn greindi hlutina sæmilega. Augað hafi smám saman orðið eðlilegt útlits. Kveðst Kristján sem fyrr hafa skýrt héraðslækninum á Patreksfirði frá ástandi augans, og hafi hann talið þróunina eðlilega. Síðan hafi hann spurt Jón, hvort hann sæi sæmilega með auganu, og hafi hann játað því.

Kristján Sigurðsson kveðst muna örugglega, að hann hafi hringt til fulltrúa barnaverndarnefndar Reykjavíkur nokkrum dögum eftir slysið og skýrt honum frá meiðslum Jóns litla. Hafi hann þó ekki verið sérlega hræddur um afleiðingar þeirra vegna álits Hannesar læknis. Móðir Jóns hafi hringt til sonar síns nokkru síðar, og hafi hann þá talað við hana og skýrt henni frá slysinu.

Hinn 4. marz 1958 ritaði umboðsmaður stefnanda Hannesi lækni Finnbogasyni bréf og fór þess á leit, að læknirinn gæfi sem gleggsta skýrslu um skipti sín og forstjóra hælisis í Breiðuvík út af umræddu slysi. Fer skýrsla læknisins hér á eftir:

„1) Enda þótt langt sé um liðið frá atburðum þeim, er greina skal, er mér enn í minni veðrið dag þann, er forstöðum. vistheimilisins hringdi til mín vegna drengs, sem hafði fengið ör af boga í annað augað. Veður var þannig, að mjög erfitt hefði reynzt að fara yfir Hafnarfjall að Breiðuvík, auk þess ófært á báti yfir Patreksfjörð.

2) Forstöðumaðurinn lýsti fyrir mér, hvernig slysið hefði að borið og hvernig örin hefði verið. Man ég, að hann sagði auga drengsins blóðhlaupið, en hvergi sár á því að sjá, — enn fremur,

að drengurinn sæi ekki með auganu. Líðan drengsins kvað hann ekki slæma.

3) Í samtalinu þennan dag sagði ég honum, að fyrst svo hátt-
aði um færð og veður, gætum við rólegir beðið í einn til tvo
daga, þar eð ekkert gæti verið, sem þyrfti svo bráðrar aðgerðar
við. Hins vegar skyldi hann koma drengnum til mín, strax og
veður leyfði.

4) Sama kvöld las ég mér til um slík slys á augum til þess
að geta betur áttað mig á þessu, þegar drengurinn kæmi. Við
lestur þennan varð mér enn ljósara en áður, hvað af gat hlot-
izt, þ. e. los á sjónhimnu (retina-los).

5) Morguninn næsta á eftir hringdi ég til forstöðumannsins
og fékk fregnir af drengnum. Sagði ég honum, að nú skyldi nota
tækifærið og koma drengnum til mín, þar eð veður færi batn-
andi, — tjáði honum jafnframt, að hann skyldi reikna með, að
ég þyrfti að senda drenginn til sérfræðings. Nefndi hann þá,
hvort ekki væri eins gott að panta flugvél. Benti ég honum á,
að önnur leið ódýrari væri fær drengnum að skaðlausu. Man ég
ekki annað en forstöðumaðurinn væri þessu samþykkur og segð-
ist mundu koma drengnum til mín.

6) Munu nú hafa liðið nokkrir dagar, þar til forstöðumað-
urinn talaði við mig. Taldi hann, að auga drengsins væri nú að
færast í eðlilegt horf. Taldi ég samt réttast, að ég fengi að sjá
drenginn, þar eð ég vissi, að retina-los gæti samt verið. Nokkr-
um vikum síðar munum við hafa átt tal saman, og taldi hann
augað þá vera eðlilegt útlits og að drengurinn sæi með því.
Síðan gleymdi ég þessu.

7) Snemma sumars 1956 var ég á ferð um Breiðuvík og fékk
þá að vita, að drengurinn sæi ekkert með auganu. Ákvað ég að
bíða komu augnlæknis, sem væntanlegur var eftir 6 vikur. Var
komið með drenginn til hans, og tjáði augnlæknir mér sína niður-
stöðu“

Lagt hefur verið fram í málinu afrit af vottorði, dags. 9. októ-
ber 1956, frá Kristjáni Sveinssyni augnlækni. Í vottorði þessu
kveðst læknirinn hafa skoðað Jón Sigurðsson, eftir að dreng-
urinn varð fyrir umræddu slysi. Af vottorðinu verður ekki ráð-
ið, hvenær þessi skoðun fór fram, en þar er ástandi augans lýst
þannig:

... „Status præcens: Hægra auga: Augnlok og hreyfingar eðlil.
Hægra ljósop er tökkótt, vegna þess að hringvöðvi lithimunnar

hefur rifnað á tveimur stöðum; ljósopið svarar ekki fyrir ljósi, að heitið geti. Stórir cataractblettir eru í lens (augasteininum), svo að mjög illa sést inn í augað, en sjónhimnan er laus frá (rifin), og mikið grugg opacitates er í glervökva augans (sást betur í sum- ar, er ég leit á drenginn á Patreksfirði, þessu skotið inn í vott- orðið nú). Augað er mjúkt. Batahorfur sennilega engar. Haldist augað bólgulaust, ætti sjúklingurinn ekki að hafa óþægindi í því, en oft geta komið þrautir í þessi blindu augu, er lengra líður.

Sjón: Hægra auga blint, v. auga $\frac{1}{2}$ án gleraugna. Vinstra auga er eðlilegt.“

Hinn 2. apríl 1957 kom Jón Sigurðsson til skoðunar hjá Þórarni Sveinssyni lækni, og mat lækni þessi örorku drengsins af völd- um slyssins. Taldi hann vera um 20% varanlega örorku að ræða, en gat þess jafnframt, að ef svo færi, að nema yrði augað brott, mundi varanleg örorka hækka við það í 25%.

Hinn 27. október 1958 var sonur stefnanda skoðaður af Helga Skúlasyni, augnlækni á Akureyri. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. sama dag, segir á þessa leið:

„*H. auga*: V = Amaurosis (alger blinda). — Talsverður jektion (roði). Ljósop óreglulega lagað vegna samvaxta í lithimnunni. Ljósbrjótur augans með öllu ógegensær. Augað óeðlilega lint (hypotonískt).

V. *auga*: V = $\frac{2}{3}$ $\frac{1}{4}$ plús 0.50 plús 0.50 cyl. 90° (án mydriatic). Annað eðlilegt.

Þar sem algerlega er vonlaust um, að sjón fáist aftur á meidda augað, sem væntanlega er á leið með að visna upp, er til mikilla lýta og hefur valdið sjúkl. nokkrum óþægindum fram að þessu, tel ég ráðlegast að taka það burtu sem fyrst og setja gerviauga í stað- inn og þá ekki hvað sízt vegna þess, að ekki er algerlega útilokað, að heilbrigða auganu geti stafað nokkur hætta af því.“

Við dómtöku málsins veitti lögmaður stefnanda þær upplýsing- ar, að augað hefði verið numið brott.

Mál þetta er höfðað til heimtu bóta fyrir það tjón, sem stefn- andi telur, að sonur hans hafi beðið af umræddu slysi, en stefn- andi telur ríkissjóð bera ótvíræða skaðabótaábyrgð á afleiðing- um þess. Færir hann fram fyrir því eftirfarandi rök: Í fyrsta lagi sé hælið í Breiðuvík rekið á kostnað og ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna. Þangað sé safnað saman drengjum, er reynzt hafa baldnir og miklir fyrir sér og leiðzt út á afbrotabraut. Það sé því aug- ljóst, að nauðsynlegt sé að hafa sérstaklega gott eftirlit barna

og fylgjast með því, að drengirnir hafi ekki undir höndum hættuleg leikföng. Þessi eftirlitsskylda hafi verið stórlega vanrækt, þar sem það hafi viðgengizt, að drengirnir höfðu til leikja sinna jafnhættulegt tæki og örvaboga. Af þessari vanrækslu hafi umrætt slyshlotizt. Í öðru lagi hafi forstjóri hælisisins gerzt sekur um hirðuleysi, eftir að slysið var skeð, sem eitt út af fyrir sig hljóti að leiða til fébótaábyrgðar ríkissjóðs á afleiðingum þess. Hirðuleysi þetta hafi verið fólgið í því að vanrækja að koma drengnum til læknis þegar eftir slysið. Ef þessa hefði verið gætt, hefði læknirinn vafalaust mælt svo fyrir, að drengurinn yrði sendur til augnlæknis, en telja verði líkur fyrir því, að með því hefði að einhverju leyti verið hægt að koma í veg fyrir hinar alvarlegu afleiðingar slyssins. Í þriðja lagi var þeirri málsástæðu hreyft við munnlegan flutning málsins, að um væri að ræða culpa in eligendo af hendi þeirra forsvarsmanna ríkissjóðs, er réðu Kristján Sigurðsson forstöðumann hælisisins í Breiðuvík, þar sem sýnt sé, að hann hafi bæði skort hæfni og nauðsynlega sérmenntun til að takast svo ábyrgðarmikið starf á hendur. Kom það fram við málf lutninginn, að maður þessi var lög- regluþjónn, áður en hann tók að sér forstöðu hælisisins. Um menntun hans liggja á hinn bóginn ekki fyrir gögn.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að hér hafi ekki verið til að dreifa nokkurri vanrækslu af hendi forstöðumanns hælisisins eða annars starfsfólks þess. Hér hafi verið um hreina óhappatilviljun að ræða, en þegar svo standi á, verði tjónþoli sjálfur að bera tjón sitt. Í annan stað er því mótmælt, að unnt hefði verið að koma í veg fyrir afleiðingar slyssins, þótt kleift hefði verið að koma drengnum til læknis strax eftir slysið. Drengnum hafi verið veittur allur sá aðbúnaður og sú hjúkrun, sem frekast voru tök á. Hér sé því engan um að saka nema þann, sem örinni skaut, en spurningin um ábyrgð hans á slysinu komi ekki til álita í þessu máli. Að lokum er því ákveðið mótmælt, að ríkissjóður beri almennt nokkra ábyrgð á slysum sem þessu.

Vegna þeirrar málsástæðu, sem stefnandi ber fram í rökstuðningnum fyrir kröfum sínum, að dráttur sá, er á því varð, að sonur hans var færður til læknis, kunni að hafa valdið afleiðingum slyssins að einhverju leyti, ritaði umbodsmaður stefndu Kristjáni augnlækni Sveinssyni bréf, dags. 15. nóvember 1957, og mæltist til þess, að læknirinn léti uppi álit sitt á því, hvort þessi málsástæða hefði við rök að styðjast. Enn fremur var þess

óskað, að læk'nirinn léti uppi álit sitt á því, hvort séð yrðu merki þess, að blindan á auga drengsins yrði að einhverju leyti rakin til þess, hvornig búið var um augað eftir slysið.

Svarbréf læk'nisins er dags. 24. s. m. og hljóðar þannig að loknum inngangsorðum:

... „Eins og segir í fyrri vottorðum, var í þessu tilfelli um alvarlegt augnslys að ræða, — augasteinninn (lens) skemmdur, blæðing í glervökvan (corpus vitreum) og það, sem alvarlegast var, að sjónhimnan hefur rifnað og losnað frá (ablatio retinae). Talið er, eins og segir í fyrri vottorði, að í ca. 60—80% tilfella sé hægt að hjálpa við sjónhimmulosi (sáu þau ekki orðin mjög gömul), ef ekki eru til staðar samtímis einhverjir illviðráðanlegir aukakvillar. Sem afleiðingar slyss þessa tel ég sjónhimmulosið aðal-sjúkdóm, en aukakvilla: ógagnsæi (cataractbletti) í augasteini og blæðingar í glervökva. Slíkir aukakvillar gera alla meðhöndlun mjög óvissa til árangurs, jafnvel þótt komið hefði verið með barnið strax til lækninga.

Álit, að batahorfur hafi frá byrjun verið mjög slæmar, og því erfitt að afstýra afleiðingum slyssins. Gagnvart umbúnaði um augað eftir slysið skal tekið fram: Rétt var að binda fyrir augað, hafa það í sem beztri ró. Er hægt að fullyrða, að blinda augans sé í engu sambandi við þá meðhöndlun.“

Vegna þessa læk'nisfræðilega ágreiningsatriðis þótti rétt að veita aðiljum kost á að leggja málið fyrir læk'naráð. Var þetta gert með úrskurði, upp kveðnum í málinu hinn 14. október 1958. Af tilefni þessa úrskurðar rituðu lögmenn aðilja dómáranum bréf, dags. 15. s. m., þar sem þess var farið á leit, að umsagnar læk'naráðs yrði leitað. Með úrskurði, upp kveðnum 17. s. m., var málið svo lagt undir læk'naráð á þá leið, að beiðzt var umsagnar um, hvort dráttur sá, er á því varð, að syni stefnanda var komið undir læk'nishendur, eftir að hann varð fyrir slysi því, sem málið fjallar um, hafi getað valdið því, að auga drengsins varð blint, eða dregið úr batahorfum.

Ályktun læk'naráðs, dags. 4. desember 1958, er svofelld:

„Eftir því, sem fram kemur í gögnum málsins, verður ekki séð, að unnt hefði verið að bjarga sjón á hægri auga drengsins, þó að læk'nir hefði fengið hann til meðferðar þegar eftir slysið.“

Með vísun til þessa álits læk'naráðs eru ekki efni til að fallast á það með stefnanda, að sú málsástæða hans hafi við rök að styðjast, að umrædd örkuml sonar hans verði rakin til ófullnægjandi læk'nismeðferðar.

Eins og fram kemur í skýrslu Kristjáns Sigurðssonar hér að framan, var honum kunnugt um, að drengir á hælínu höfðu smíðað sér örvaboga, nokkru áður en slysið varð. Að vísu kveðst hann hafa hlutast til um, að boginn væri geymdur í útgeymslu, og lagt algert bann við, að boginn væri notaður innan húss eða heima við, en leyft jafnframt notkun hans á vissum svæðum utan húss, er hann væri sjálfur viðstaddur.

Það er vitað, að örvabogi getur verið mjög hættulegt tæki í höndum drengja og unglinga og það því fremur, þegar um er að ræða baldna drengi og óstýriláta. Þetta mátti forstjóra hælísins vera ljóst, og verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af honum að hafa á hælínu slíkt tæki, án þess að öruggt væri, að drengirnir kæmust ekki höndum yfir það á eindæmi sitt. Ljóst er, að hann hefur ekki sýnt næga röggsemi í þessu efni, þar sem drengirnir ekki einasta vissu, hvar boginn var geymdur, heldur virðast hafa haft aðgang að þeirri geymslu. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að foreldrar og forráðamenn drengja, sem þarna var komið til dvalar, máttu treysta því, að hafðar væru í frammi nauðsynlegar ráðstafanir um öryggi þeirra, þá þykir verða að leggja á ríkissjóð, sem hafði á hendi rekstur hælísins og forsjá, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á slysi því, sem um er að ræða.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í málinu þannig:

| | |
|---|----------------|
| 1. Örorkubætur | kr. 120.000,00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl. — | 30.000,00 |
| 3. Útlagður kostnaður | — 800,00 |

Kr. 150.800,00

Fjárhæð 1. kröfuliðar nam upphaflega kr. 98.524,00. Kemur kröfuhækkun sú, sem gerð var í þinghaldi 8. okt. f. á., einungis fram á þeim lið.

Um 1.

Þegar drengurinn Jón Sigurðsson varð fyrir umræddu slysi, var hann, eins og þegar greinir, 9 ára að aldri, fæddur 25. maí 1946. Hinn 9. júlí 1957 var áætlað atvinnutjón drengsins miðað við 20% varanlega örorku reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Var þess óskað af lögmanni stefnanda, að útreikningurinn yrði miðaður við laun, sem greidd eru fyrir sams konar störf og stefnandi gegnir, en hann stundar almenna verkamannavinnu á sjó og landi. Með þetta í huga kveðst tryggingafræðing-

urinn telja, að aðallega geti komið til greina tvenns konar grundvöllur til að byggja útreikninginn á, annars vegar Dagsbrúnarkaup, en á hinn bóginn niðurstöður af athugunum á vinnutekjum giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, sem notaðar eru við verðlagningu landbúnaðarvara. Nemur verðmæti áætlaðs atvinnutjóns drengsins kr. 98.524,00, sé miðað við verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða, en kr. 89.712,00, ef miðað er við Dagsbrúnarkaup. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir, að drengurinn byrji að afla vinnutekna við 16 ára aldur og að tekjurnar séu 80% af vinnutekjum fullorðinna á 17. aldursárinu, en aukist síðan um 4% af vinnutekjum fullorðinna á ári hverju, unz fullum vinnutekjum er náð við 21 árs aldur.

Önnur atriði í forsendum útreikningsins en getið hefur verið eru 6% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu tímabilsins 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda.

Svo sem getið hefur verið, er útreikningurinn miðaður við 20% varanlega örorku, en í lok útreikningsins getur tryggingafræðingurinn þess, að ef miðað hefði verið við 25% örorku, mundu niðurstöðutölur útreikningsins hafa orðið 25% hærrí en þær eru.

Stefnandi telur, að miða eigi bætur samkvæmt þessum lið við hærrí niðurstöðu útreikningsins, en hækkan þá, er hann samkvæmt framanskráðu fékk komið að á þessum lið, byggir hann á því, hversu mjög verðlag í landinu hafi hækkað, frá því að útreikningurinn var gerður.

Stefndi mótmælir kröfulið þessum sem of háum.

Þegar virt eru þau atriði, sem máli eiga að skipta við ákvörðun bóta þessara, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 90.000,00. Er þá tekið tillit til þess, að drengurinn hefur alveg misst hægra augað og er því samkvæmt áðurgreindu örorkumati, sem ekki hefur verið hnekkt, 25% öryrki.

Um 2.

Þegar litið er til meiðsla stefnanda og afleiðinga þeirra og þess gætt, að missir auga hefur í för með sér allveruleg og áberandi lýti, ásamt röskun á stöðu og högum, þá þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 25.000,00.

Um 3.

Þessi liður sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit málsins verða þá þau, að tjón drengsins Jóns Sigurðssonar telst nema alls kr. 115.800,00 (kr. 90.000,00 + kr. 25.000,00 + kr. 800,00). Verður ríkissjóður dæmdur til að greiða stefnanda vegna drengsins þá fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum verður ríkissjóður dæmdur til að greiða skipuðum málflutningsmanni stefnanda, Árna héraðsdómslögmanni Stefánssyni, kr. 11.000,00 í málflutningslaun, en stefnanda kr. 165,00. Er þar um að ræða útlagðan kostnað samkvæmt dskj. 22—23.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Ísakssyni vegna ófjárráða sonar hans, Jóns, kr. 115.800,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 11.165,00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Árni héraðsdómslögmaður Stefánsson, kr. 11.000,00 í málflutningslaun, en stefnandi kr. 165,00 fyrir útlagðan kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1959.

Nr. 206/1959. **Valdstjórnin**

gegn

Hauki Hvannberg.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Úrskurður héraðsdóms um bann gegn brottför sakbornings úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. nóvember 1959, sem hingað barst 19. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951